

**Nd. 612. Tillaga til þingsályktunar [290. mál]**

um stofnun hlutafélags til kaupa og rekstrar á verksmiðjutogara.

Flm.: Haraldur Henrysson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér nú þegar fyrir stofnun hlutafélags um kaup og útgerð verksmiðjutogara með þátttöku ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga og að afla sér þeirra heimilda til lántöku, sem nauðsynlegar kunna að reynast til að hrinda málinu í framkvæmd. Verði m. a. leitað samstarfs við hlutafélagið Úthaf, sem stofnað var að frumkvæði Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í þessu skyni.

**Greinargerð.**

Á árinu 1968 var flutt í neðri deild Alþingis tillaga til þingsályktunar um, að ríkisstjórninni yrði falið „að hefja nú þegar þátttöku í athugunum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem miða að kaupum og útgerð verksmiðjutogara“. Í greinargerð þessarar tillögu var gerð grein fyrir athugunum Farmannasambandsins á möguleikum á kaupum og útgerð slíks skips. Var þar vitnað í niðurstöður nefndar, sem starfaði á vegum þessara samtaka, og sagði þar m. a., að nefndin hefði komið að þeirri niðurstöðu, „að rekstur á ca. 2500 smálesta (brúttó) verksmiðjuskuttogara, búnnum hagkvæmum nýttzku vinnuvélum, sé sýnilega hagkvæmur og fjárhagslega öruggur miðað við núgildandi verðlag og afla, sem telja verður algert lágmark á slíkt skip, reiknað með 300 úthaldsdögum“. Þingsályktunartillaga þessi fékkst ekki afgreidd á því þingi.

Að forgöngu Farmanna- og fiskimannasambandsins var stofnað hlutafélagið Úthaf til að hrinda máli þessu í framkvæmd, en samtökin töldu, að hér væri um mikilvægt hagsmunamál fyrir þjóðina að ræða. Enda þótt töluvert hlutfé safnaðist meðal almennings, tókst ekki að safna svo miklu, að félagið gæti á eigin spýtur leyst málið, enda er hér um mikla fjárfestingu að ræða. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar til að fá þá fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins, sem dygði til, að unnt yrði að kaupa skip, sem félagið átti kost á að fá snemma árs 1970. Allar slíkar tilraunir reyndust árangurslausar.

Með kaupum á verksmiðjutogara mundu Íslendingar eignast skip, sem getur sótt á öll fjarlægari mið, unnið sjálft úr afla sínum og skilað honum sem óaðfínnanlegri og fyrsta flokks útflutningsvöru. Hér yrði um að ræða nýtt svið í sjávarútvegi okkar, sem engan veginn hefði í för með sér óæskilega samkeppni við aðra þætti hans. Þessi nýja grein mundi hins vegar vera mjög drjúg við öflun gjaldeyris, sé miðað við reynslu annarra þjóða. Norðmenn og Færeyingar hafa á síðustu árum gert út slík skip með mjög góðum árangri, og mun þar tæpast nokkur útgerð önnur skila meiri arði. Virðumst við Íslendingar þegar hafa tapað miklu á því að hafa ekki, að ráði reyndra og kunnugra manna, ráðizt í slíka útgerð. Takmark okkar á að vera að skila sem mestum hluta fiskafla okkar sem fullunninni og fyrsta flokks vöru á erlenda markaði. Með útgerð verksmiðjutogara komumst við ótvírætt nær því marki. Það er furðuleg skammsýni að ætla nú að hefja endurnýjun togarafloða okkar án þess að nýta þá möguleika, sem slík skip bjóða. Sú endurnýjun, sem hafin er skv. tillögu svokallaðrar skuttogaraneftar, táknar í raun enga framför að því er varðar meðferð og vinnslu aflans.

Kaup á verksmiðjutogara er svo mikil fjárfesting, að tæpast er viðráðanleg öðrum en opinberum aðilum. Sýnist og eðlilegt, að ríkið brjóti hér ísinn og hafi forustu um mótun þessa nýja þáttar í sjávarútveginum, sem ótvírætt yrði til að treysta þjóðarbúskapinn í heild.